



# Héraðs- og Austurlandsskógar

Ársskýrsla 2007



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR



Birkitréð á myndinni stendur í Hallormsstaðarskógi, skammt handan vegarins innan við bílastæðið við trjásafnið. Fyrir um 150 árum var það yrkisefni Páls Ólafssonar, þá einungis lítil hrísla við læk.

### *Hríslan og lækurinn*

*Gott átt þú, hrísla, á grænum bala,  
glöðum að hlíða lækjarnið.  
Þú megið saman aldur ala,  
unnast og sjást og talast við.  
Það slitur aldrei ykkar fundi,  
indæli þig svæfa ljóðin hans.  
Vekja þig æ af blíðum blundum  
brennandi kossar unnustans.*

*Svo þegar hnigur sól til fjalla,  
sveigir þú niður limarnar  
og lætur á kvöldin laufblað falla  
í lækinn, honum til ununar.  
Hvíslar þú lækjar bláa bura  
og brosandur kyssir laufið þitt:  
„Þig skal ég ætíð, ætíð muna,  
ástrika, blíða hjartað mitt.*

*Þú grátið fögrum gleðitárum  
gláða morgna, þá sólin ris,  
vitið ei hót af harmi sárum,  
haldið þú séuð í paradís.  
Þú hafið ei reynt að syrgja og sakna,  
þú sérhver gleði í harma snýst,  
grátin að sofna, vonlaus vakna,  
vetur og dauða þekkið sist.*

*Ljóð: Páll Ólafsson*

## Efnisyfirlit

- |  |                        |                            |
|--|------------------------|----------------------------|
| 1- Inngangur                                       | 10- Fjármál            | 18- Námskeið og ráðstefnur |
| 2- Stjórn og starfsmenn                            | 13- Úrvinnsla          | 20- Birki-heimildaskrá     |
| 3- Breytt lagaumhverfi                             | 14- Grænni skógar      | 21- Rekstrarreikningur     |
| 4- Helstu stærðir Héraðs- og Austurlandsskóga 2007 | 14- Grænsíða           | 22- Efnahagsreikningur     |
| 6- Skógræktarframkvæmdir                           | 15- Skjólbeltanámskeið | 23- Sjóðstreymi            |
| 8- Skógarplöntuframleiðsla                         | 16- Rannsóknarstarf    | 24- Yfirlit framkvæmda     |



# Inngangur

Árið 2007 var nokkuð viðburðarríkt hjá Héraðs- og Austurlandsskógum eins og reyndar hjá skógræktargeiranum í heild sinni á Íslandi. Á árinu voru 100 ár liðin frá því að fyrst voru sett lög um skógrækt á landinu. Var þess minnst við ýmis tilefni í árinu.

Þá urðu miklar umræður og sitt sýndist hverjum um skiptingu skógræktargeirans á milli tveggja ráðuneyta. Skógrækt ríkisins var flutt til Umhverfissráðuneytisins en landshlutaverkefni voru á forræði sameinaðs Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytis.

Héraðsskógar og Austurlandsskógar voru sameinaðir um áramótin 2006 og 2007 og starfsárið var því það fyrsta þar sem verkefni voru rekin á einu fjárlaganúmeri.

Stjórn Héraðs- og Austurlandsskóga er óbreytt frá fyrra ári en hana sitja Þorvaldur Jóhannsson formaður, Þór Þorfinnsson frá Skógrækt ríkisins og Jóhann Gísli Jóhannsson frá Félagi skógarbænda á Héraði. Haldnir voru 5 fundir stjórnar á árinu.

Starfsmannahald er óbreytt að öðru leyti en því að skipti urðu á framkvæmdastjóra. Guðmundur Ólafsson lét af störfum á fyrri hluta ársins eftir rúmlega þriggja ára farsælt starf. Ólöf I. Sigurbjartsdóttir var ráðinn nýr framkvæmdastjóri og kom hún til starfa í byrjun september. Aðrir starfsmenn eru Agnes Brá Bragadóttir, Benjamín Örn Davíðsson, Freyja Gunnarsdóttir, Jóhann Þórhallsson, Sherry Curl og Sigbjörn Sævarsson. Að auki voru Valdimar Reynisson og Kveldúlfur Þrastarson tímabundið við störf hjá verkefninu.

Þrátt fyrir ýmsar breytingar í starfi Héraðs- og Austurlandsskóga á árinu gengu framkvæmdir ársins vel. Nýtt met var sett í fjölda gróðursettra plantna en í jörðu fóru alls 1.478.211 stk. Aðrar framkvæmdir eins og slóðagerð og grisjun voru umtalsverðar og vex stöðugt sá þáttur í starfsseminni.

*Hæðsta tré Íslands var eitt sinn birki úr Fellsskógi í Þingeyjarsveit og var það 12,7 metrar. Hæsta villta birki landsins stendur í Hallormsstað og eru rétt tæpir 14 metrar. Í Minjasafnsgráðinum á Akureyri stendur 100 ára gamalt birki sem er 14,44 metrar og telst það næsta birkitré landsins.*



# Starfsmenn hjá Héraðs- og Austurlandsskógum árið 2007

Starfsmaður	Starfsheiti	Starfshlutfall
Agnes Brá Birgisdóttir	Skógræktarráðunautur	100%
Benjamín Örn Davíðsson	Verkefnisstjóri	100% frá vori
Freyja Gunnarsdóttir	Skrifstofustjóri	80%
Guðmundur Ólafsson	Framkvæmdastjóri	100% til hausts
Jóhann Þórhallsson	Verkefnisstjóri	100%
Kveldúlfur Þrastarson	Sumarstarfsmaður	
Ólöf I. Sigurbjartsdóttir	Framkvæmdastjóri	100% frá hausti
Sherry Curl	Upplýsingafulltrúi	50%
Sigbjörn Sævarsson	Landnýtingarráðunautur	40%
Valdimar Reynisson	Sumarstarfsmaður	

Sumar þjóðir, á borð við Kínverja, nota birkibörk í handrit enn þann dag í dag. Í Tyrkneskri eyðimörk fannst handrit úr birkiberki sem talið er, af mörgum fræðimönnum viðs vegar um heiminn, eitt elsta handrit sögunnar.



## Breytt lagaumhverfi

Í júní 2006 voru sett lög, nr. 95/2006, um landshlutabundin skógræktarverkefni. Með lögunum voru eldri lög sem sérstaklega höfðu verið sett um hvert landshlutaverkefni afnumin. Við þessa lagabreytingu voru Héraðsskógar, elsta landshlutaverkefnið og Austurlandsskógar, það yngsta, gerð að einu verkefni sem heitir í lögunum Héraðs- og Austurlandsskógar (HASK). Saman ná verkefnin til stærsta hluta norður- og miðausturlands og afmarkast af sunnanverðum Álftafirði og Langanesi til norðurs.

Helstu breytingar með nýju lögunum eru þær að ekki er lengur gert ráð fyrir endurgreiðslu skógarbænda af afurðum og nú eru skýr ákvæði um endurgreiðslu skógræktarframlaga og fyrningu þeirra. Einnig eru nú skýrari ákvæði um þau tilvik þegar skógarbóndi hefur vanefnt samning, skógarbóndi vill segja upp samningi eða skógræktarverkefni vill sjálft losna undan samningi.

Sameining verkefnanna tók gildi um áramótin 2006/2007 en ekki urðu miklar breytingar á starfsemi verkefnanna við tilfærsluna þar sem þau höfðu unnið í nánu samstarfi áður.



„Peningatréð“ á Hallormsstað er gömul Björk



### Birkisaft

„Úr birkibrumi framreiddu menn hressandi drykk, það var sá drykkur sem hélt lífinu í Sverri Noregskonungi (1184–1202) og hans mönnum í auðninni“

Birkibjör er kolsýrður drykkur gerður úr jurtaseiði, venjulega úr birkiberki. Hann bragðast líkt og röturöl (root beer) með keim af myntu en sterkara bragð. Margs konar tegundir af birkibjör eru fáanlegar. Liturinn fer eftir birkitegund hverju sinni og eru vinsælustu litirnir brúnn, rauður og tær. Birkisafinn er eimaður til að búa til birkíolíu sem er svo blandað út í kolsýrðan drykk til að gefa björnum auðkennandi bragð sitt.



# Helstu stærðir Héraðs- og Austurlandsskóga 2007

Ár	Fjárlög	Fjárlög uppreiknuð með vísitölu neysliverðs*	Fjöldi samningsbundinna svæða	Stærð samningssvæðis (ha)	Fjöldi kortlagðra jarða	Kortlagning (ha)
<b>1990</b>	25.000.000 kr.	47.333.289 kr.				800
<b>1991</b>	35.710.000 kr.	63.292.928 kr.	20	2.500		2.200
<b>1992</b>	51.500.000 kr.	88.119.033 kr.	41	3.939		1.900
<b>1993</b>	51.500.000 kr.	84.572.447 kr.	51	5.133		1.500
<b>1994</b>	53.100.000 kr.	85.936.518 kr.	54	5.325		500
<b>1995</b>	53.000.000 kr.	84.299.632 kr.	64	7.500		1.700
<b>1996</b>	54.300.000 kr.	84.572.447 kr.	77	8.800		1.500
<b>1997</b>	54.900.000 kr.	83.890.411 kr.	81	9.600		700
<b>1998</b>	59.900.000 kr.	90.028.734 kr.	81	9.600		200
<b>1999</b>	67.200.000 kr.	97.667.535 kr.	95	10.705		580
<b>2000</b>	77.900.000 kr.	106.261.187 kr.	102	11.713		0
<b>2001</b>	91.200.000 kr.	120.120.649 kr.	112	12.346	8	980
<b>2002</b>	100.600.000 kr.	121.419.149 kr.	121	13.360	3	1.036
<b>2003</b>	112.200.000 kr.	133.357.653 kr.	128	13.880	7	957
<b>2004</b>	128.400.000 kr.	149.030.983 kr.	132	14.031	2	93
<b>2005</b>	141.400.000 kr.	157.807.490 kr.	137	14.513	0	0
<b>2006</b>	149.300.000 kr.	159.601.700 kr.	140	15.027	14	1.072
<b>2007</b>	151.200.000 kr.	151.200.000 kr.	153	16.169	5	411
<b>Samt.</b>	1.458.310.000 kr.	1.790.601.085 kr.	153	16.169	39	16.129

\* Uppreiknað til janúar 2007.

Árin 1990 – 2000 miðast eingöngu við tölur frá Héraðsskógum

Árin 2001 – 2007 eru samanlagðar tölur frá annars vegar Héraðsskógum og hins vegar Austurlandsskógum.

Árið 2007 voru verkefni tvö sameinuð



Siberiski ættbálkurinn Kantthy trúði að bæði þöll og birki yxu ekki bara á jörðu niðri heldur einnig í efri heimum.





Girðingar (km)	Jarðvinnsla (ha)	Slóðagerð (m)	Gróðursettar plöntur, fjöldi	Gróðursetning í ha á ári (3600 pl/ha)	Áburðargjöf (tonnum)	Binding koltvísýrings (tonnum)	Ársverk
5			175.000	49		340	13
21	159		945.000	262		2.174	17
17	76		1.392.000	386		4.876	24
40	79	10.000	1.392.000	386		7.577	23
25	83	1.450	1.190.000	330		9.887	23
19	128	1.700	1.357.000	376		12.521	23
29	110	0	1.309.000	363		15.062	23
31	161	850	1.325.000	367		17.633	23
10	100	0	1.006.000	279	6	19.586	24
6	90	0	1.032.077	286	8	21.589	26
3	94	3.500	1.150.248	319	8	23.822	29
50	228	10.501	1.189.360	335	13	26.166	32
8	225	8.800	1.450.881	410	17	29.035	33
36	272	12.050	1.082.324	309	20	31.198	36
14	156	3.276	1.160.295	332	18	33.520	40
17	163	12.500	1.048.380	307	18	35.668	43
10	323	9.200	1.408.830	410	21	38.540	47
14	226	11.250	1.478.211	493	42	41.989	42
1.498	2.673	85.077	19.945.455	5.636	171	590.105	485

„Á bak við húsið fer bezt á því að setja beinstofna tré með gljáandi laufi, ef þar er á annað borð rúm fyrir trjágróður. Að svo komnu máli höfum vér þó ekki úr mögum trjátegundum að velja hér á landi, og verðum þvi að gera oss að góðu í þessu augnamiði: björk (*Betula pubescens*), reynivíð (*Sorbus aucuparia* eða *S. Scandica*) eða lerkitrú (*Larix Siberica*)...“

Arsskýrsla 2007




# Skógræktarframkvæmdir


## Gróðursetning

Gróðursettar voru 1.478.211 plöntur árið 2007 sem er nýtt met. Maí var kaldur eins og síðustu ár, kuldahretið stóð að þessu sinni til 27. maí og ekki var gróðursett að marki fyrr en í júní sem var óvenju þurr. Um mánaðamót júní - júlí rigndi þó og var gróðursett nokkuð fram í júlí. Haustgróðursetning gekk vel og voru gróðursettar um 445 þúsund plöntur. Eins og undangengin ár var langmest góður sett af greni og lerki hvor tegund með um þriðjung af heildargróðursetningu.


Hlutfall mill gróðursettra tegunda hjá Austurlandsskógum



Skipting gróðursettra planta eftir sveitafélögum



Hlutfall plöntunar eftir árstíðum





## Áburðargjöf

Borið var á fleiri plöntur en áður eða um 2.423 plöntur. Jafnan er borið á nýgróðursetningar að vori og haustgróðursetningar árið eftir. Að þessu sinni var borið á nýgróðursetningar fram eftir hausti, sem þótti koma vel út. Einnig var talsvert um að borið væri á eldri gróðursetningar.


## Jarðvinnsla

Jarðvinnsla var með hefðbundnu sniði, stærstur hluti gróðursetninga fer í jarðunnið land. Jarðunnið var á 26 jörðum samtals 226 ha. Um 38 ha voru plægðir og 188 herfaðir. Haustið 2007 var unnið með TTS herfi á nokkrum jörðum en um árabíl hafa skógarstjórnur verið einráðar í herfingum hér austanlands.

## Skjóbelti

Unnið var að skjólbeltarækt á 10 jörðum. Um 12 km voru plastlagðir og gróðursettar 17.500 plöntur sem er nokkur aukning frá árinu áður en hefur þó oft verið meira.

### Hlutfall tegunda í skjóbeltum



## Girðingar og slóðagerð

Vorið 2007 komu girðingar almennt vel undan vetri. Því var girðingaviðhald víðast hvar með minna móti. Auk hefðbundins viðhalds voru girtar nýgirðingar á 6 jörðum.

Töluverð aukning varð á slóðagerð á árinu. Unnið var að slóðagerð á samtals 19 jörðum. Bæði er verið að lagfæra eldri slóða og leggja nýja.

## Grisjun og viðarvinnsla


Unnið var að grisjun á 7 jörðum, í litlum mæli á þeim flestum. Aðeins var kjarrasagaður rúmur ha. Grisjaður var 321 rúmmetri af bolviði og nokkuð var um að landeigendur nýttu það efni sem til féll.

Fyrir jólin unnu Benjamín Davíðsson frá HASK og Einar Axelsson frá Skógrækt ríkisins að því að aðstoða skógarbændur við að velja jólatré til fellingar. Nokkrir aðilar nýttu sér þetta og buðu uppá glæsileg jólatré á markaði sem haldinn var á Egilsstöðum á jólaföstu.

## Úttektir

Fram fór hefðbundin úttekt á jarðyglu á Héraði. Aldrei hafa fundist jafn fáar lirfur eins og í vor sem gefur tilefni til bjartsýni.

### Meðaltalsþéttleiki jarðyglulirfa á Héraði



Arsskýrsla 2007




# Skógarplöntuframleiðsla

Samninga um plöntukaup þarf að gera með góðum fyrirvara svo gróðrarstöðvarnar hafi svigrúm til þess að útvega sér fræ og önnur aðföng. Á haustdögum sá Ríkiskaup um framkvæmd útboðs fyrir HASK á 900.000 skógarplöntum árlega, vegna árána 2009 - 2011. Tveir aðilar gerðu tilboð í plönturnar, Barri hf. og Sólskógar og skiptust plönturnar nokkuð jafnt á milli aðila.

Fyrir lágu samningar um plöntukaup ársins en keyptar voru 1.116.237 stk frá Barra hf., 345.974 stk. frá Sólskógum og 16.000 stk. frá Laxárhlið.

Plöntuframleiðendur



Meðal Eista er birkitréð lifandi persónugerfingur landsins. Þar segir af smáböndu nokkrum sem hafði séð útigangsmann liggja sofandi undir tré í sömu mund og stormur skall á. Böndi vakti manniinn og í þakklætisskyni tjáði maðurinn honum: „Þegar þú lendir í þeim aðstæðum að vera fjarri þinni heimasveit og upplifir heimþrá, þú muntu sjá krækklótt birki. Þú skalt strjúka birkinu og spyrja það hvort sá svikuli sé heima?“ Löngu síðar var smáböndiinn sendur sem hermaður í stríð til Finnlands. Hann var dapur í bragði er skyndilega sá hann krækklótt birki og var þá hugsað til fyrri reyngu sinnar. Hann strauk birkinu og spurði: „Er sá svikuli heima?“ Þá birtist útigangsmáðurinn. Hann kallaði til einn andlegan fjölskyldumeðlim sinn og bað hann um að flytja böndann rakleiðis heim til sín, með sekk fullan af silfri.





Birki í samneyti við lúpínu.



*Frumbyggjar nýttu ekki aðeins safan úr birkinu sér til matar heldur var nánast allt tréð borðað, í viðum skilningi. Innsta lag barkarinn var notað sem verkjalyf og laufin notuð við liðagigt. Birki bætir frjósemi, heilsu og anda.*


*Í rússneskum skógum var löngum talið að illur andi, að nafni Lieschi, byggi í trjástofnum og þá sérstaklega í toppum birkitrjáa. Talið var að vættir þessir væru af sömu stærð og umhverfið. Ef t.d. skógurinn var stór vafraði hann um skóginn, en ef um sléttu væri að ræða voru þeir í sömu hæð og grasið. Til að vekja upp þessa vætti voru ung birkitré fella og þeim raðað í hring þar sem toppar snéri inn að miðju. Síðan var gengið að miðjunni og andarnir vaktir, sem undantekningalaust birtust. Þá stigu mennirnir á felldu trén, snéru sér þannig að andlit þeirra snéru í austur á meðan þeir beygðu sig fram með höfuð milli fota. Í þessari stöðu kváðu þeir eftirfarandi: „Frændur Lieschi, stig upp, ei sem gráir úlfar, ei sem logandi heitur eldur, heldur í okkar mynd.“ Þá tóku laufin að skjálfa og andarnir stigu upp í mannsmynd og buðu þeir þjónustu sína til ákallanda.*



## Fjármál

Fjárveiting ársins 2007 var kr. 151,2 millj. kr. Heldur hefur hallað undan fæti frá árinu 2005 varðandi fjárveitingar til verkefnisins eins og grafið hér að neðan sýnir.

Staðan er ekki góð þegar fjárveitingar ná ekki að halda í við verðlagsþróun þar sem verkefni eru ærin og fjárfrekar framkvæmdir á borð við grisjun og stígagerð verða fyrirsjáanlega vaxandi liður í starfseminni.




*Eitt af sjaldgæfustu visterfum Íslands er stöðandi dauður birkiskógur inni í Þórsmörk.*



Markmið stjórnvalda í lögum um landshlutaverkefni er að a.m.k. 5% af láglendi landsins undir 400 m.y.s. verði skógi vaxið. Á Austurlandi eru þetta u.þ.b. 22.655 ha. sem þannig er stefnt að, að verði skógi vaxinn að 40 ára áætlunartíma loknum. Töluverð ásókn er að komast inn í verkefnið og á árinu voru gerðir samningar um 13 ný svæði til skógræktar. Það er ljóst að auðveldlega væri hægt að halda fullum dampi í gróðursetningum næstu árin. Hins


vegar gera samningar um plöntukaup ráð fyrir heldur minni gróðursetningum eftir árið 2008 til þess að unnt verði að beina meira fjármagni í umhirðu skóganna s.s. grisjun ásamt því að stórefla stígagerð. Á línuriti sést vel hversu bilið breiðkar á milli samningsbundinna svæða og þeirra svæða sem næst að planta í á hverju ári.



Ársbundið hlutfall milli samningbundinna svæða og gróðursetningar


Birki er fingreinóttur viður og þekktur fyrir fjösemi. Líkt og hrisgrjönnum er kastað yfir nýgipt brúðhjón í dag þá var birki notað í sama tilgangi áður fyrir, til að tryggja fjösemi hjónanna og fjölskyldu.






Það segir í þjóðsögum Norðurlandshálfa að birki hafi ákveðna sérstöðu. Í finnsku þjóðljóðunum Kalevala, segir: að birki sé það heilaga tré sem eigi að færa mannkyninu göða hluti. Þessi tilvitnun er í rauninni sönn, þar sem það vex það vel í köldu loftslagi, er fallegt ásjáðar og gefur af sér alls konar gagnlegt efni; við, safu, birk í bátagerð og til að skrifa á.


„Af birkiösku var lagaður lútur sem var meðhöndlaður í sjóandi vatni. Lúturinn var brúkaður til margs, meðal annars á brunasár, húðorm og aðra húðsjúkdöma. Í gamla daga var hárið þvegið úr ösku af birki til að hreinsa það gegn lús og húðsjúkdömmum, auk þess gaf það ljósan hárlit. Þessi háttur er enn hafður á summs staðar í Noregi. Minnst hefur verið á hárfrott sem þennan í Íslendingasögunum auk þess sem hann tíðkaðist í Svíþjóð.“



Í rússneskum þjóðsögum má finna sögu af birkitré sem þakkaði ungri stúlku fyrir að skreyta sig með rauðum borða með því að bjarga henni frá yfirgangsharðri stjúpmodur sinni. Í enn annari sögu segir frá ungri smalastálku sem spann ull í birkiskógi. Til hennar kom ókunn kona sem fékk hana til að dansa í þrjá heila daga til sólseturs. Í lok dansins var öll ullin spunnin og verðlaun smalastálkunnar voru vasar fullir af birkilaufi, sem síðar breyttust í gull.



Í kvodju úr birki má finna efni sem enn þann dag í dag eru notuð í lyf gegn húðsjúkdömmum. Óhætt er að mæla með að nota kvodju á sár á fingri eða á rifnar geirvörtur. Í Rússlandi var forðum framleidd vara úr birkikvodju blandaðri með vínanda. Sú vara var kölluð Rússaolía, en sú olía fékk latneska nafnið Oleum rusci. Í dönskum apótekum var vara þessi seld undir nafninu Tinctura rusci til ársins 1948 en eftir það finnst hún undir nafninu „Spiritus pyrolei betulae.“



Dæmi um birkiolíu í söluvænum umbúðum  
Héraðs- og Austurlandsskógar



# Úrvinnsla

Það fer ekki framhjá neinum sem um þetta svæði fer hversu gríðarlegar breytingar hafa orðið á einstökum jörðum og svæðinu í heild með tilkomu skógræktar. Sitt sýnist svo auðvitað hverjum um hvort þær breytingar eru til góðs eða ei.

Fljótsdalshérað er nú að ganga inn í nýja tíma og verður leiðandi aðili í nýrri atvinnugrein á Íslandi þ.e. timburúrvinnslu. Nú reynir enn og aftur á frumkvöðlana hér að nýta þau tækifæri sem nýir tímar bjóða upp á og móta frumspor nýrrar atvinnugreinar.

Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (Northern Periphery Programme) hefur að meginmarkmiði að efla atvinnu- efnahags- og félagslega samvinnu milli einstaklinga, fyrirtækja og stofnana á norðurslóðum. Héraðs- og Austurlandsskógar hafa verið í fararbroddi þess að leita nýrra leiða til að nýta það timbur sem til fellur við fyrstu grisjun, m.a. með þátttöku í NPP verkefnum. Afrakstur þátttöku í einu slíku verkefni ásamt Skógrækt ríkisins, um viðarkyndingu Northern Wood Heat er t.d. sá, að nú er hafin undirbúningur að uppbyggingu viðarkyndistöðvar á Hallormsstað. Með tilkomu kyndistöðvarinnar verður til úrræði fyrir skógarbændur að koma timbri úr fyrstu grisjun skóganna í verð.

Viðarkyndiverkefnið lauk á árinu en þegar var hafin þátttaka í öðru NPP verkefni sem vonandi leiðir af sér fleiri möguleika í timburúrvinnslu. Verkefni á borð við þessi skapa ómetanleg tengsl við aðrar þjóðir og aðila, þar sem þungamiðja rannsóknar- og þróunarvinnu er á þessu sviði.



Nóg er um brenni í lerkiskógum á Héraði

*Keltneska dagatalinu var skipt upp eftir tunglinu í þrettán mánuði, og hver þeirra svaraði til einnar ákveðinnar trjátegundar. Þó svo mánuðurnir hafi verið þrettán voru aðeins átta árlegir hátíðisdagar; sumarsólstöður og jafndægur dekhúðu fjóra þeirra og hinir fjórir voru hátíðir eldsins sem voru á árstíðaskilum. Ólíkt tólf mánuðum Grikkja og Rómverja studdust Keltar fremur við þessa þrettán og byggðist það aðallega á trjám frekar en stjörnumerkjum. Trjátegundir þessar voru: birki, reynir, askur, elri, víðir, þynnir, eik, kristþynnir, hesli, vínviður, bergflétta, reyfr og yllir. Sem dæmi þá var tímabil birkisins kallað Beth og er frá 24. desember til 20. janúar, sem svarar til mánuðar Steingeitarinnar í Grísk-Rómverka tímakerfinu.*



## Grænni skógar I og II

Á Skógardaginn mikla þann 23. júní útskrifaðist fyrsti hópurinn af námskeiðaröð Grænni skóga I á Austurlandi. Athöfnin fór fram á flötinni í Mörkinni og voru 11 nemendur útskrifaðir. Grænni skógar námskeiðaröðin er skógræktarnám á vegum Starfs- og endurmenntunardeildar Landbúnaðarháskóla Íslands og hefur staðið frá haustinu 2004. Hafa nemendur sótt allt að 16 námskeið á þessum þremur árum.

Þegar er hafin ný námskeiðaröð sem ber yfirskriftina Grænni skógar II. Voru fjölbreytt námskeið haldin í námskeiðaröðinni, bæði á vor- og haustönn en þátttaka hefði að skaðlausu mátt vera meiri.



Þátttakendur í Grænni skógum I

## Grænsíða

Haldin voru nokkur námskeið á haustdögum þar sem boðið var upp á kennslu í Grænsíðu. Sherry Curl sem mestan vanda hefur haft af gerð gagnagrunnsins ásamt Þórunni Hálfánardóttur sáu um námskeiðin. Þátttakendur fengu úthlutað aðgangsorðum inn á grunninn og síðan var farið yfir hvernig hann virkaði og þátttakendum hjálpað af stað.



Tekist í hendur við stofnun Grænsíðu

Lauf af birki eru aðallega notað í lækningate. Teið er búið til úr liter af sjöðandi vatni og er svo helt yfir hnefafylli af þurrkuðum laufum. Þetta er einkar hentugt við bjúg, þvagsýrugigt, eða gigt almennt, en þó er birki þekktast fyrir að lina bölgur og sefa sársauka í þvagrásinni. Í Rússlandi er birkisafa tappað á flöskur og notað sem hressingarmeðal, sérstaklega á vorin. Það er einnig að sagt ný birkilauf, sem búið er að sjóða og kæla niður aftur, séu notað sem sótthreinsandi munnskol.



## Skjólbeltanámskeið 2007

Í októbermánuði fóru tveir starfsmenn Hérað- og Austurlandsskóga á skjólbeltanámskeið í Danmörku ásamt góðkunnum hópi annars staðar af landinu.

Markmið námskeiðsins var að skoða og læra af Dönnum hvernig þeir byggja upp sín belti. Danir eru þekktir fyrir baráttu sína gegn sandfoki á sínu landi og hafa barist við



sandstorma með uppbyggingu trjágróðurs.

Danir eru einnig þekktir fyrir stór og mikil skjólbelti með sígrænum tegundum. Á síðustu áratugum hafa þeir lagt meira upp úr lauftegundum í skjólbeltarækt. Er það meðal annars gert vegna fjölbreytileikans innan lauftegundanna. Það er til að mynda auðveldara að klippa lauftegundir til, berjategundir laða að meira dýralíf og síðast en ekki síst að fá nyt af berjum, eplum ofl.



„Gæsalappir“ sem rífur upp illgresi í skjólbeltum.



Skjólbeltanámskeiðið stóð í fimm daga. Farið var nokkuð ítarlega yfir ýmsa þætti skjólbeltaræktunar s.s. val á trjáplöntum, véltækni, grisjun og klippingar.

Fljótlega kom í ljós að Danir eru með annað verklag og öðruvísi fyrirkomulag en tíðkast hér á landi.

Danir byggja skjólbelti sín upp með mun meiri fjölbreytni í tegundum en við Íslendingar. Þeir nota ekki plast, og þetta raðirnar mun meira en gert er hérlendis. Í stað plastsins nota þeir ýmis tæki (gæsalappir) sem eru dregin yfir beltin og losa um illgresið sem vex á milli raðanna.

Klippingar og grisjanir eru einnig mikilvægur þáttur í skjólbeltarækt Dana. Beltin eru klippt til að hámarka uppskeru akursins og grisjuð á réttum tíma til að skjóltrén verði ekki undir í samkeppni um ljós og næringu.

Þessi ferð hafði margt fróðlegt að geyma. Ýmislegt kom fram sem á eftir að nýtast vel við leiðbeiningar um skjólbeltarækt hér á landi,



hins vegar eru aðstæður mjög frábrugðnar því sem við eigum að venjast hér heima og oft erfitt að yfirfæra dönsku leiðina beint á hina íslensku.



Þegar skjólbeltin hafa náð góðum vexti eru hliðarnar klipptar svo hægt sé að hafa akrana nær og þ.a.l. stærri.



# Rannsóknarstarf

Rannsóknir og þróun eru undirstaða framfara og nýsköpunar. Héraðs- og Austurlandsskógar hafa í gegnum árin bæði unnið að margvíslegum verkefnum á þessu sviði og að auki veitt umtalsverðum upphæðum til rannsóknar- og þróunarstarfa á svæðinu. Á árinu 2007 voru helstu verkefni á þessu sviði eftirfarandi:

- ⇒ NPP viðarkyndiverkefninu Northern Wood Heat lauk í lok árs 2007. Afrakstur þess verkefnis er m.a. sá að hafin er undirbúningsvinna við uppbyggingu á viðarkyndistöð á Hallormsstað. Á árinu hófst vinna við nýtt NPP (Northern Periphery Programme) verkefni undir heitinu Pelletime. Verkefnið byggir eins og fyrra verkefni á nýtingu viðar, m.a. úr fyrstu grisjun í "viðarkögglum" sem hvort heldur sem er væri hægt að nýta til eldiviðar eða undirburðar fyrir skepnur. Loftur Jónsson var ráðinn til þess að stýra því af hálfu HASK.

- ⇒ Áfram var unnið að þróun Grænsíðu, gagnagrunns í skógrækt. Skógarbændur á Héraðs- og Austurlandsskógasvæðinu fengu fyrstir bænda aðgang að síðunni og bauðst þeim að sækja námskeið í notkun grunnsins. Ennþá vantar svolítið uppá lipurð gagnagrunnsins en unnið er að úrbótum.
- ⇒ Rannsóknar- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri vann skýrslu um félags- og efnahagsleg áhrif Héraðsskóga.
- ⇒ Lifunarúttekt. Valdimar Reynisson skógræðingur var ráðinn til sumarstarfa hjá HASK til að vinna úttekt á lifun skógarplantna á starfssvæðinu. Skýrslu Valdimars má nálgast inn í á [www.heradsskogar.is](http://www.heradsskogar.is).
- ⇒ Undanfarin ár hafa starfsmenn HASK fylgst með viðkomu jarðygla á Héraði. Niðurstöður þeirra mælinga eru birtar í ársskýrslum.



Þátttakendur í kolefnisnámskeiði frá í mars



Valdimar Reynisson við rannsóknarstörf í sumar





Birkibörkur er með mikla endingarhæfni og var fyrir daga pappirs mikið notaður í handrit. Í nāmu í Serbju fannst fullkomlega varðveittur birkisteingervingur. Ytra lag barkarins var í fullkomlega eðlilegu āstandi, hafði hann hvīta glansandi sliķju, rētt eins og finnst ā birki nū til dags.

Birki er oft kallað „Hefðarfrū skōgarins“. Birki er falletgur og fingerður harðviður og er tilvalinn til tēlgunnar. Birki er drottning skōgarins og tilheyrir Freyju í norræni goðatru. Kjarnviður birkis getur nāð dōkkraudum lit, ā meðan almennur birkiviður er mjōg hvītur. Birki ā er tāknrænt fyrir meyar og mæður. Safann mā nota til vingerðar, „mjōlk hinnar gjōfulu mōður“. Birki er verndari barnsburðar, vaggā barnsins og friðarstillir. Birki er þō ekki eingōngu fyrir konur og bōrn, þrumuguðinn Þōr gerði skefti ā Mjōlni ūr birkitre. Fyrir karla er birki tāknt fyrir hjālpina og handfang atgeirsins. Þāð brūar bili ā milli galdra og verkfæra.



Rūnin „B“ tāknt birki.





# Ráðstefna á Eiðum

Skógræktargeirinn hefur komið sér upp þeirri hefð að halda árlega fagráðstefnu. Hafa hin fimm landshlutabundnu skógræktarverkefni skipst á um að halda ráðstefnuna á sínu svæði í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands, Landssamtök skógareigenda, Skógrækt ríkisins og Skógræktarfélag Íslands.

Héraðs- og Austurlandsskógar sáu um framkvæmd ráðstefnunnar árið 2007 og fór hún fram á Eiðum í gamla Alþýðuskólanum dagana 22. og 23. mars.

Yfirskrift ráðstefnunnar var „Skógur er meira en tré. Efnahagslegur og samfélagslegur ávinningur skógræktar.“

Yfir 20 fyrirlesarar héldu erindi og bar margt fróðlegt á góma í erindunum sem og umræðum.

Hér má sjá yfirlit yfir erindin sem voru flutt og fyrirlesarana:

- ⇒ **Skógrækt er byggðarmál**  
Guðmundur Ólafsson, Héraðsskógum
- ⇒ **Félagslegur og efnahagslegur ávinningur Héraðsskógaverkefnisins**  
Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri
- ⇒ **Skógar Íslands og nýting þeirra frá landnámi til lýðveldis.**  
Þróstur Eysteinnsson, Skógrækt ríkisins
- ⇒ **Úr vörn í sókn - félagslegar og hagrænar orsakir umskipta frá skógeyðingu til skógræktar.**  
Jón Geir Pétursson, Skógræktarfélagi Íslands og Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins, Mógilsá
- ⇒ **Forestry and rural development in countries with low forest cover (Erindi flutt á ensku)**  
Bill Slee, Professor of Rural Economy, Macauley Land Use Research Institute, Skotlandi

Héraðs- og Austurlandsskógar

- ⇒ **Loftslagsstefna íslenskra stjórnvalda og skógrækt**  
Hugi Ólafsson, Umhverfisráðuneytinu
- ⇒ **Markaður fyrir losun og bindingu kolefnis**  
Daði Már Kristófersson, Bændasamtökum Íslands



- ⇒ **Beinar mælingar á árlegri kolefnisbindingu Kyotoskóga**  
Brynhildur Bjarnadóttir, Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá
- ⇒ **Kolefnisbinding mismunandi trjátegunda**  
Bjarni D. Sigurðsson, LBHÍ
- ⇒ **Umfang og hagfræðilegur ávinningur bindingar með skógrækt**  
Arnór Snorrason, Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá
- ⇒ **Orkuskógur - Kyndistöð á Hallormsstað**  
Loftur Jónsson, Skógráði ehf.
- ⇒ **Afríkusögur - skógur og fólk í Austur Afríku**  
Jón Geir Pétursson, Skógræktarfélagi Íslands og Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins, Mógilsá
- ⇒ **Afföll í nýgróðursetningum á Íslandi – mat byggt á gögnum íslenskrar skógarúttekta**  
Arnór Snorrason, Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá



- ⇒ **Nestun og blöndun í bakka**  
Þorbergur Hjalti Jónsson,  
Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá
- ⇒ **Ný stefnumið í skógræktarmálum Íslands**  
Aðalsteinn Sigurgeirsson,  
Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá
- ⇒ **Geymsla og frysting skógarplantna**  
Rakel Jakóbína Jónsdóttir, nemi LBHÍ
- ⇒ **Mat á verkefninu Lesið í skóginn með skólum**  
Ólafur Oddson, Skógrækt ríkisins
- ⇒ **Use of zoning in management planning (Erindi flutt á ensku)**  
Morten Leth og Sherry Curl, Skógrækt ríkisins
- ⇒ **Áhrif skógræktar með birki og lerki á þróun og fjölbreytileika svepprótar**  
Brynja Hrafnkelsdóttir, Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá



- ⇒ **Áhrif asparryðs á þvermálsvöxt alaskaaspar**  
Ólafur Eggertsson, Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins Mógilsá
- ⇒ **Hekluskógaverkefnið**  
Guðmundur Halldórsson, Landgræðslu ríkisins

- ⇒ **Áhrif skógræktar á þéttleika jarðvegsdýra**  
Edda S. Oddsdóttir, Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá
- ⇒ **Punktur úr umhirðu- og nýtingaráætlun Vaglaskógar**  
Rúnar Ísleifsson, Skógrækt ríkisins



Farið var í skoðunarferð í Eiðaskóg í lok fyrri dags ráðstefnunnar og einnig kynntu skógarbændur vélakost þann sem austanmenn eru búnir að koma sér upp til skógarverka og umhirðu.

*Sá sem gróðursetur tré er þjónn Guðs  
Hann mun halda úti gæsku og vera blessaður  
af öllum þeim sem á vegi hans munu verða  
um ár og aldir.*

*- Henry Van Dyke*

Arsskýrsla 2007





# Birki-Heimildaskrá

- Bls 1 Skogur.is Skógrækt Ríkisins
- Bls 2 Alexander Porteous, 2002, THE FOREST, IN FOLKLORE AND MYTHOLOGY, ISBN 0-486-42010-8
- Bls 3 [www.wikipedia.org](http://www.wikipedia.org) The Free Encyclopedia
- Bls 3 Harald Nielsen. 1976, LÆGEPLANTER OG TROLDDOMSURTER, plantemedicinens kulturhistorie, ISBN 87-567-2665-1
- Bls 4 Richard Muir, 2005, ANCIENT TREES LIVING LANDSCAPE, ISBN 0-7524-3926-X
- Bls 5 Jón Rögnvaldsson, 1953, SKRÚÐGARÐAR, önnur útgáfa, Prentverk Odds Björnssonar h.f.
- Bls 8 Alexander Porteous, 2002, THE FOREST, IN FOLKLORE AND MYTHOLOGY, ISBN 0-486-42010-8
- Bls 9 <http://www.geocities.com/astraeearadia/treelore.html>
- Bls 9 Alexander Porteous, 2002, THE FOREST, IN FOLKLORE AND MYTHOLOGY, ISBN 0-486-42010-8
- Bls 10 Skogur.is Skógrækt Ríkisins
- Bls 11 <http://www.geocities.com/astraeearadia/treelore.html>
- Bls 12 <http://www.moonpool.org/circles/TReeLore.asp>
- Bls 12 Harald Nielsen. 1976, LÆGEPLANTER OG TROLDDOMSURTER, plantemedicinens kulturhistorie, ISBN 87-567-2665-1
- Bls 12 Alexander Porteous, 2002, THE FOREST, IN FOLKLORE AND MYTHOLOGY, ISBN 0-486-42010-8
- Bls 12 Harald Nielsen. 1976, LÆGEPLANTER OG TROLDDOMSURTER, plantemedicinens kulturhistorie, ISBN 87-567-2665-1  
(mynd af flösku (<http://www.themysticcorner.com/Oils.asp>))
- Bls 13 [http://www.blessingscornucopia.com/Druidry\\_Druid\\_Druidic\\_Treelore\\_Treelore\\_and\\_Sacred\\_Groves.htm](http://www.blessingscornucopia.com/Druidry_Druid_Druidic_Treelore_Treelore_and_Sacred_Groves.htm)
- Bls 14 <http://www.blueworldgardener.co.uk/herbs/birch.htm>
- Bls 17 Richard Muir, 2005, ANCIENT TREES LIVING LANDSCAPE, ISBN 0-7524-3926-X
- Bls 17 <http://dragonmother.com/pages.php?page=treelore>
- Bls 17 <http://dragonmother.com/pages.php?page=treelore>
- Bls 19 <http://www.carolinatreecare.org/page6.html>



Héraðs- og Austurlandsskógar  
04-331

**Rekstrarreikningur**

	Reikningur 2007	Reikningur 2006	Fjárheimildir 2007
<b>Tekjur</b>			
Sértekjur.....	4.743.533	9.469.050	0
Markaðar tekjur.....	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur.....	0	0	0
<b>Tekjur samtals</b>	<b>4.743.533</b>	<b>9.469.050</b>	<b>0</b>
<b>Gjöld</b>			
<b>Almennur rekstur.....</b>	<b>169.371.627</b>	<b>102.815.125</b>	<b>151.200.000</b>
101 Héraðs- og Austurlandsskógar.....	169.371.627	0	151.200.000
110 Skógræktaráttak á Fljótsdalshéra.....	0	102.815.125	0
<b>Stofnkostnaður.....</b>	<b>4.205.404</b>	<b>7.111.931</b>	<b>0</b>
601 Tæki og búnaður.....	4.205.404	0	0
641 Gagnagrunnur um skógrækt.....	0	7.111.931	0
<b>Gjöld samtals</b>	<b>173.577.031</b>	<b>109.927.056</b>	<b>151.200.000</b>
<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>-168.833.498</b>	<b>-100.458.006</b>	<b>-151.200.000</b>
Framlag úr ríkissjóði	151.200.000	108.000.000	151.200.000
<b>Hagnaður/tap ársins</b>	<b>-17.633.498</b>	<b>7.541.994</b>	<b>0</b>



## Efnahagsreikningur

Héraðs- og Austurlandsskógar

04-331

	Reikningur 31.12.2007	Reikningur 31.12.2006
<b>Eignir</b>		
<b>Fastafjármunir</b>		
Áhættufjármunir.....	0	0
Langtímaskuldir.....	0	0
<b>Fastafjármunir samtals.....</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Veltufjármunir</b>		
Vörubirgðir.....	0	0
Inneign hjá ríkissjóði.....	9.073.776	450.090
Skammtímalán.....	0	0
Skammtímaskuldir aðrar.....	15.360.294	9.675.265
Handbært fé.....	17.662.700	23.965.001
<b>Veltufjármunir samtals.....</b>	<b>42.096.770</b>	<b>34.090.356</b>
<b>Eignir samtals.....</b>	<b>42.096.770</b>	<b>34.090.356</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>		
<b>Eigið fé</b>		
<b>Höfuðstóll</b>		
Staða í ársbyrjun.....	56.703.338	23.594.857
Breyting v/lokafjálaga.....	0	0
Tekjujöfnuður ársins.....	-17.633.498	7.541.994
<b>Höfuðstóll í árslok.....</b>	<b>39.069.840</b>	<b>31.136.851</b>
<b>Annað eigið fé</b>		
Bundið eigið fé.....	0	0
Framlag til eignamyndunar.....	1.882.814	1.882.814
<b>Annað eigið fé samtals.....</b>	<b>1.882.814</b>	<b>1.882.814</b>
<b>Eigið fé í árslok.....</b>	<b>40.952.654</b>	<b>33.019.665</b>
<b>Langtímaskuldir</b>		
Tekin löng lán.....	0	0
<b>Langtímaskuldir samtals.....</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Yfirdráttur á bankareikningum.....	0	0
Skuld við ríkissjóð.....	0	0
Skammtímalántökur.....	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	1.144.116	1.070.691
<b>Skammtímaskuldir samtals.....</b>	<b>1.144.116</b>	<b>1.070.691</b>
<b>Skuldir samtals.....</b>	<b>1.144.116</b>	<b>1.070.691</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals.....</b>	<b>42.096.770</b>	<b>34.090.356</b>

## Sjóðstreymi

Héraðs- og Austurlandsskógar  
04-331

	Reikningur 2007	Reikningur 2006
<b>Tekjuafgangur/-hali</b> .....	-17.633.498	7.541.994
Breyting rekstrartekna, eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða.....	-5.685.029	-222.888
Breyting skammtímaskulda.....	73.425	548.939
<b>Handbært fé frá rekstri</b> .....	-23.245.102	7.868.045
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Veitt lán.....	0	0
Afborganir veittra lána.....	0	0
Endurmat veittra lána.....	0	0
Breyting á áhættufjármunum.....	0	0
<b>Fjárfestingahreyfingar samtals</b> .....	0	0
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>		
Framlag ríkissjóðs.....	-151.200.000	-108.000.000
Tekjur innheimtar af ríkissjóði.....	0	0
Greitt úr ríkissjóði.....	143.929.165	110.612.903
Tekin lán.....	0	0
Afborganir tekinna lána.....	0	0
Endurmat tekinna lána.....	0	0
<b>Fjármögnunarahreyfingar samtals</b> .....	-7.270.835	2.612.903
<b>Breyting á handbæru fé</b> .....	-30.515.937	10.480.948
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....	23.965.001	13.484.053
<b>Handbært fé, hreyfingar</b> .....	-6.302.301	10.480.948
<b>Handbært fé í árslok</b> .....	17.662.700	23.965.001



# Yfirlit framkvæmda

Jörð	Annað	Birki	Elri	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp
Eyjófsstaðir	72		2.280		3.240			240
Eyvindará	59							
Fagrihvammur		1.280	4.040					
Fell	288	1.600	1.320	2.190	2.760		930	2.544
Flaga								
Flúðir								
Fjallssel						5.268		
Fremri Nýpur		480			4.240			5.448
Geitagerði								
Gíslastaðir	480				400	9.380		
Glúmsstaðir I			400			5.494		
Grund		17.072				1.600		2.712
Gunnlaugsstaðir								
Hallgeirsstaðir								
Hafrafell								
Helluland				1.600	1.600	1.600		
Heykollsstaðir					2.920	23.160		
Hjartarstaðir I								
Hlíðarendi I		201		4.070	2.800	10.050	300	
Hlíðargarður	456	47.864			17.440	18.000	9.234	18
Hnitbjörg		24.630					4.752	4.560
Hólaland								30
Hreimsstaðir	576	2.000	760	80	2.064	2.680		288
Hróaldsstaðir	166	200					114	48
Hrólfstaðir					5.000	469		
Hryggstekkur				400				
Hvannabrekka		3.840			6.240	960		
Karlsstaðir	2.040	1.000			8.816			
Litla-Steinsvað 2				3.640	2.720	4.720		
Meðalnes II				1.340	12.720	42.688		5.184
Miðhús								
Miðhúsasel		920		5.025	5.000	6.030		4.128
Mjóanes R.								
Múli III	1.404	5.480			9.120		1.513	1.260
Mýrar	48						144	
Mælivellir					80		264	24
Njarðvík				1.430	2.880			
Ormarsstaðir II								

Samtals	Ábornar plöntur	Lengd nýrra Skjólbelta	Skjólbelta-plöntur	Ný-girðingar	Herfing	Plæging	Kjarrsögun (ha)	Grisjun m <sup>3</sup> af bolviði
5.832	15120			45 ha		1,2		
59	7							
5.320	9848							
11.632	10414	1,5	1218	74 ha				
					3,3			
					1,6			
5.268								
10.168	20288							26
10.260								
5.894								
21.384	28942							
	6950							
					2,9			
				0,151 km				
4.800	14890							
26.080	59584							
	30140							
17.421	17121		300					
93.012	132348	8,0	9.234					
33.942	127366							
30								
8.448	21172				3,5			
528		0,1	328					
5.469	8000				2,4			
400								
11.040	11040				1,4			
11.856	11856					5,8		
11.080	27240				8,3			
61.932	58046							50
21.103	22625					5,0		
18.777	86938		3402					
192	192		192					
368	4800							
4.310	10210							
	20178							



## Yfirlit framkvæmda, framhald

Jörð	Annað	Birki	Elri	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp
Óseyri	487	2.160	2.400	800	14.760			
Rauðholt					848	800	72	30
Refsmýri				800	6.160			
Selland		1.000			800			
Setberg						5.896		
Skálanes	1.081	4.840	920		3.535		192	
Skáli		2.000						
Skógargerði					1.000			
Sleðbrjótur I						3.015		
Snjóholt	4.458	35.448	6.360	41.010	75.144	91.129	175	30
Staffell					3.440		240	24
Stangarás	72			360	712			
Starmýri II		840			1.560			144
Stóra-Sandfell I	9.312	32.016		11.040	197.976	167.986		
Strandhöfn								
Stöð	1.536	4.184		1.920	1.440	268		
Sörlastaðir	72	2.085	360	7.839	12.720	3.015		2.880
Teigarhorn	1.848	9.920	5.000	920	31.528		288	13.320
Tókastaðir	96	600	4.720	335	12.000			60
Urriðavatn					1.520			
Vallanes					8.624			
Valbjófsstaður I	600	120	120	40	312		1.173	
Víðastaðir				7.971	10.160	9.302		
Víðilækur	720				7.008	14.380		
Víðivallagerði	600	1.200			2.400			720
Víðivellir-ytri I				3.280	1.360	1.120		
Vífilsnes								
Vífilsstaðir								
Vík	1.923	7.520	1.720	1.540	3.280			
Ytri-Nýpur	288	520	200	1.204	840	1.980	48	144
Þiljuvellir		7.600	7.400	2.278	3.960	13.869		
Þorbrandsstaðir					5.200	7.200		
Þuríðarstaðir					600	600		
Fardagafoss girðing								
SAMANLAGT								

Samtals	Ábornar plöntur	Lengd nýrra Skjólbelta	Skjólbelta-plöntur	Ný-girðingar	Herfing	Plæging	Kjarrsögun (ha)	Grisjun m <sup>3</sup> af bolviði
20.607	13153				10,5			
1.750	1600		150					
6.960	6960							
1.800					2,2			
5.896	5896				0,5			
10.568	10568							
2.000								
1.000	22000							
3.015	11815							
253.754	378693		253					
3.704	6880		264					
1.144	4480							
2.544	7744							
431.578	637811				70,9	4,9		
				96 ha	2,9			
9.348	9348							
28.971	25114				4,6			
62.824	135290					15,0		
17.811	16720				6,9			
1.520	1620							
8.624						6,0		
2.365	136	2,1	2229					
27.433	27433				19,7			
22.108	33580						0,5	
4.920	20320							245
5.760	5760				1,2			
	12480							
	33504							
15.983	21725				7,6			
5.224	7412				1,9			
35.107	36907							
12.400	12400				3,0			
1.200								
				1.362 km				
1.478.211	2423432	11,7	17.570,0		155,4	37,8	0,5	321,3



Héraðs- og Austurlandsskógar  
Miðvangi 2-4  
700 Egilsstaðir

Sími: 471 2184  
Fax: 471 2172

Netfang: [heradsskogar@skogur.is](mailto:heradsskogar@skogur.is)  
Heimasíða: [www.heradsskogar.is](http://www.heradsskogar.is)

Ársskýrsla 2007  
Útgefandi: Héraðs- og  
Austurlandsskógar  
Útgáfudagur: 1. desember 2008  
Ritstjórn: Ólöf Inga Sigurbjartsdóttir  
Ritnefnd: Starfsmenn HASK  
Hönnun og uppsetning:  
Hlynur Gauti Sigurðsson  
Ljósmyndir: Agnes Brá Birgisdóttir,  
Benjamín Örn Davíðsson og Þróstur  
Eysteinnsson,  
Prentun: Prentsmiðjan Oddi



**HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR**